

Fundargerð stjórnar SOS nr. 310

Stjórnarfundur SOS

Staður: Skrifstofur SASS Selfossi

Dagsetning og tími: 29. mars 2022 kl. 15:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Ingibjörg Kjartansdóttir stjórnarmaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Anton Kári Halldósson (AKH), Gísli Halldór Halldórsson (GHH) ritari stjórnar. Þá mættu Ólafur Gestsson, endurskoðandi PwC og Stefán Gíslason, ráðgjafi hjá Environice.

1. Ársreikningur Sorpstöðvarinnar 2021

Ólafur Gestsson fór yfir helstu tölur og upplýsingar í ársreikningi SOS 2021. Stjórn samþykkti og undirritaði ársreikning 2021 eins og hann var lagður fram.

2. Aðalfundur Orkugerðarinnar

Boðað hefur verið til aðalfundar Orkugerðarinnar, sem SOS á eignarhlut í, þann 8. apríl næstkomandi.

3. Breytingar á lögum um meðferð úrgangs og úrgangsstjórnun sveitarfélaga

Sambandið hefur sett af stað verkefnið „Samtaka um hringrásarhagkerfið“. Stefán ræddi um frekari útfærslu á þeirri vinnu sem SOS fól honum í þessu sambandi. Lögð var fram til kynningar bókun Bláskógabyggðar frá 28. febrúar 2022 þar sem átalín eru markmið um hlutfall breytilegrar innheimtu af heildarsorpgjöldum.

4. Samstarfsvettvangur sorpsamlaga á suðvesturhorni

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

5. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán fór yfir magntölur úrgangs árið 2021. Flæði upplýsinga frá aðilum í sorphirðu hefur farið stöðugt batnandi. Tiltölulega litlar breytingar eru frá fyrra ári þó þróun sé jákvæð og hlutfall óflokkaðs úrgangs fer minnkandi. Stjórn þakkar ítarlega og vandaða skýrslu og verður hún send sveitarfélögum til upplýsingar.

6. Staðan almennt í úrgangsmálum

Umræður um núverandi stöðu í úrgangsmálum almennt. Samstarf allra aðila er orðið mjög gott sem mun gagnast vel í fjölmörgum úrlausnarefnum sem framundan eru.

Gert er ráð fyrir að næsti stjórnarfundur verði haldinn á Selfossi 17. maí næstkomandi, klukkan 15:00.

Fundi slitið klukkan 16:30